

stefnanda hafi í verulegum atriðum orðið alvarlegri heldur en hún mátti reikna með, þegar samið var um bæt看 við Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hinn 31. maí 1972. Að þessu athuguðu getur dómurinn ekki fallist á það með stefnanda, að forsendur séu brostnar fyrir margnefndu samkomulagi, heldur sé stefnandi enn við það bundinn. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 23. júní 1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kr. Kristjánsson h/f og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Þóru Kristínar Helgu Magnúsdóttur, í máli þessu.

Hvor aðili á að bera sinn kostnað af máli þessu.

Mánudaginn 8. maí 1978.

Nr. 210/1976. **Dánarbú Einars Guðnasonar**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Skattamál. Valdsvið rikisskattstjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess, að hækkun rikisskattstjóra á tekjuskatti séra Einars Guðnasonar árið 1973, 71.593 krónur, staðfest af rikisskattanefnd 22.

október 1974, skuli felld úr gildi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsóku í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 20. október 1976.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með úrskurði 2. október 1972 lækkaði skattstjóri Vesturlandsumdæmis skattskyldar tekjur séra Einars Guðnasonar í Reykholti. Skattstjórinn tilkynnti séra Einari úrskurðinn með bréfi samdægurs, og með bréfi 4. s. m. sendi hann ríkisskattstjóra úrskurðinn, skýrði rök sín fyrir lækkuninni og tók fram, að hann teldi æskilegt, að úrskurðurinn yrði lagður fyrir ríkisskattanefnd. Samkvæmt 41. gr. laga nr. 68/1971, eins og henni hafði verið breytt með 15. gr. laga nr. 7/1972, er þá var í gildi, var ríkisskattstjóra heimilt að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar. Ekki kærði ríkisskattstjóri úrskurðinn til ríkisskattanefndar. Með bréfi 18. janúar 1974 tilkynnti hann séra Einari, að hann gæti ekki fallist á úrskurð skattstjóra Vesturlandsumdæmis og hefði því í hyggju „að breyta ályktun skattstjóra skv. heimild í 4. mgr. 42. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 16. gr. laga nr. 7/1972“, og taka mál hans fyrir að nýju og hækka tekjuskatt hans gjaldárið 1972. Séra Einar mótmælti þessari fyrirhuguðu hækkun með bréfi til ríkisskattstjóra 22. janúar 1974. Úrskurðir ríkisskattstjóra 4. febrúar og 5. apríl 1974 um hækkun tekjuskatts séra Einars um 71.593 krónur og úrskurður ríkisskattanefndar 22. október 1974 eru raktir í héraðsdómi.

Fram kemur af því, sem nú er rakið, að ríkisskattstjóri tók málið upp eingöngu í því skyni að breyta „ályktun“ skattstjóra og hækka tekjuskatt séra Einars.

Séra Einar hafði talið fram til skatts hinar umdeildu tekjur í skattframtali sínu. Engar nýjar upplýsingar höfðu komið fram í málinu frá því er skattstjóri kvað upp úrskurð sinn. Skilyrði 4. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 16. gr.

laga nr. 7/1972, til að ríkisskattstjóri gæti breytt ályktun skattstjóra til hækkunar, voru því eigi fyrir hendi, en hér er ekki um ályktun skattstjóra að ræða, heldur formlegan úrskurð, sem sætir kæru skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1972. Var endurupptaka málsins af hálfu ríkisskattstjóra samkvæmt þessu ekki heimil að lögum. Úrskurður ríkisskattstjóra frá 4. febrúar 1974 er því ógildur svo og síðari meðferð málsins fyrir skattayfirvöldum. Með vísan til þessa verður krafa áfrýjanda tekin til greina.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Dæma ber stefnda til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Framangreind hækkun á tekjuskatti séra Einars Guðnasonar árið 1973 að fjárhæð 71.593 krónur er felld úr gildi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., höfðaði Einar Guðnason, Miðbraut 3, Seltjarnarnesi, með stefnu, útgefinni 1. apríl 1975, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stefnukröfur eru þær, að hrundið verði úrskurði ríkisskattanefndar frá 22. október 1974 og að hækkun ríkisskattstjóra á tekjuskatti stefnanda árið 1973, kr. 71.593, verði felld niður. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið sé ekki gjafsóknarmál, en með leyfi, dags. 21. mars 1975, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Einar Guðnason lést, á meðan á rekstri málsins stóð. Hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins í hans stað.

Stefndi krefst sýknu af stefnukröfunum og málskostnaðar úr

hendi sóknaraðilja, en til vara er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Svo sem fram kemur í stefnu, eru málavextir þeir, að Einar Guðnason taldi fram til skatts í Reykholtisdalshreppi á árinu 1973. Eiginkona Einars, Anna Bjarnadóttir, var um árabíl fastur kennari við héraðsskólann í Reykholti. Á framtalinu voru talin fram eftirlaun, sem Anna hafði fengið greidd á árinu 1972, kr. 322.195. Við álagningu opinberra gjalda á árinu 1973 kom fram, að fjárhæð þessi hafði verið lögð til grundvallar óbreytt. Einar taldi, að hann ætti rétt á því samkvæmt lögum, að helmingur eftirlauna eiginkonu sinnar kæmi til frádráttar framtöldum tekjum, áður en opinber gjöld væru lögð á. Kærði hann því álagninguna til skattstjóra Vesturlandsumdæmis. Með úrskurði skattstjórans hinn 2. október 1973 var sjónarmið Einars tekið til greina með vísan til 2. mgr. 3. gr. skattalaga og tekjur til álagningar lækkaðar samkvæmt því um kr. 161.097.

Með vísan til 42. gr. laga nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. 16. gr. laga nr. 7/1972, tók ríkisskattstjóri álagðan tekjuskatt gjaldárið 1973 til ákvörðunar að nýju. Hafði Einari áður verið tilkynnt þetta og jafnframt að fyrirhugað væri að hækka skattinn. Kemur fram, að Einar hafi mótmælt hækkun skattsins á þeim grundvelli, að eftirlaun séu í reynd endurgreiðsla tekna, er lagðar hafi verið í lífeyrissjóð af launatekjum og því beri að jafna eftirlaunum við launatekjur. Úrskurður ríkisskattstjóra gekk 4. febrúar 1974. Í forsendum er vísað til 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr. laga nr. 7/1972, en síðan segir svo:

„Þetta ákvæði laganna virðist verða að skýra svo, að það taki aðeins til þeirra launatekna, sem unnið er fyrir á *skttárinu*. Er því ekki unnt að fallast á, að 50% eftirlauna giftra kvenna séu frádráttarbær, þótt fallist væri á skilgreiningu gjaldandans á eftirlaunum.

Einnig má benda á, að miðað við skilgreiningu hans á eftirlaunum og með gildandi ákvæði skattalaga um frádráttarhæfni helmings launatekna giftra kvenna og um frádráttarhæfni greiðslna í lífeyrissjóði sem forsendu, er áður búið að draga öll eftirlaun, sem greidd eru giftum konum, frá tekjum í formi greiðslna í lífeyrissjóði, og auk þess helming þeirra, skv. áður greindum lagaákvæðum, á þeim tíma, sem tekjurnar mynduðust.

Hreinar tekjur gjaldárið 1973 hækka skv. framangreindu um kr. 161.097,00 eða úr kr. 952.750,00 í kr. 1.113.847,00. Fjölskyldu-

frádráttur er kr. 281.600,00. Skattgjaldstekjur verða kr. 832.200,00 og tekjuskatturinn reiknast skv. því.“

Samkvæmt úrskurði þessum var tekjuskattur Einars gjaldárið 1973 hækkaður um kr. 71.593, eða úr kr. 283.046 í kr. 354.639. Einar kærði þennan úrskurð til ríkisskattstjóra, en með úrskurði 4. apríl 1973 var kærinni hafnað með vísan til fyrri úrskurðar ríkisskattstjóra. Einar kærði þessa ákvörðun til ríkisskattanefndar hinn 20. apríl 1974. Í úrskurði, uppkveðnum 22. október 1974, taldi ríkisskattanefnd ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 7/1972, ekki veita örugga heimild til, að leyfður yrði sá frádráttur, sem krafist var, og staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra. Einar Guðnason höfðaði síðan mál þetta, svo sem áður var rakið.

Krafa sóknaraðilja er byggð á því, að það hafi um langt árabíl verið bundið í lögum, að tekjur hjóna, sem eru samvistum, skuli taldar saman til skattgjalds og vinni kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, eigi hjónin rétt á því, að helmingur þessara tekna konunnar sé dreginn frá, áður en skattgjald sé lagt á tekjur hjónanna. Þetta eigi sér stoð í 3. gr. laga nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972. Í máli þessu sé ljóst, að eftirlaun eiginkonu framteljanda á árinu 1972 séu launatekjur hennar það ár og af þeim eigi að greiða skatt í samræmi við það við álagningu opinberra gjalda á tekjur þess árs. Ekki eigi fyrr að leggja opinber gjöld á tekjuöflun þessa og ekki eigi að gera það síðar. Því hafi á grundvelli framangreindra lagaákvæða borið að beita reglunni um frádrátt helmings tekna eiginkonunnar, áður en opinber gjöld voru lögð á. Er því haldið fram, að niðurstaða skattstjóra Vesturlandsumdæmis hafi verið rétt að lögum, en hins vegar séu úrskurðir ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar það ekki. Er því haldið fram, að andmæli stefnda, sem byggð eru á því, að framteljandi hafi áður að einhverju leyti notið 50% frádráttar af tekjum eiginkonu sinnar, séu ekki á rökum reist.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að frádráttarheimild 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971 nái ekki til tekna þeirra, sem um er deilt í málinu. Við skýringu á ákvæði þessu sé sá skilningur eðlilegastur samkvæmt orðanna hljóðan, að ákvæðið takmarkist við þær launatekjur, sem unnið sé fyrir á skattárinu. Aðrar tekjur giftra kvenna, svo sem eftirlaun, falli utan ramma frádráttarheimildar laganna, en slíkar frádráttarheimildir séu undantekningar, sem skýra beri þröngt. Þá sé og á það að líta, að öll þau

ár, sem eiginkona framteljanda hafi unnið fyrir tekjum utan heimilisins, hafi hann notið þess hagræðis skattalaga, að helmingur launatekna hennar hafi verið dreginn frá, áður en skattur var lagður á. Þá komi það einnig til, að greiðslur eiginkonu framteljanda í lífeyrissjóð hafi verið dregnar frá við skattalagningu. Eftirlaun hennar hafi því þegar verið dregin frá tekjum við skattlagningu í mynd frádráttarbærra greiðslna í lífeyrissjóð auk þess helmings launa, sem dreginn hafi verið frá á þeim tíma, er tekjurnar urðu til. Því sé ljóst, að efnisrök mæli eindregið gegn þeirri skýringu á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sem haldið sé fram af hálfu sóknaraðilja. Þá er því haldið fram, að úrskurður skattstjóra Vesturlandsumdæmis gangi þvert gegn almenntri framkvæmd skattayfirvalda á lagaákvæðinu, enda hafi ríkisskattanevnd fyrir löngu ákveðið starfsreglu skattayfirvalda um beitingu ákvæðis skattalaga, sem verið hafi samhljóða ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, í tilvikum eins og því, sem til úrlausnar er í máli þessu.

Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá lögmönnum aðilja, að ágreiningslaust væri, að hin framtalda eftirlaunagreiðsla, sem um er deilt í málinu, væri greiðsla úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem eiginkona framteljanda hafi öðlast rétt til sem félagi í sjóðnum, er hún lét af störfum fyrir aldurs sakir. Í 10. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er kveðið á um greiðslur í sjóðinn, og í 12. gr. eru síðan ákvæði um greiðslur ellilífeyris úr sjóðnum. Í B lið 7. gr. laga nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt er gerð nánari grein fyrir skattskyldum tekjum og þar talin upp m. a. föst laun, biðlaun, eftirlaun og lífeyrir, og var því umrædd greiðsla framtalsskyld, enda ekki ágreiningur um það af hálfu aðilja. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 71/1968 (sic), sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972 um tekju- og eignarskatt eiga hjón rétt á því, að 50% af skattskyldum tekjum, sem eiginkona, er samvistum er við mann sinn, vinnur fyrir, séu dregin frá, áður en skattgjald er lagt á. Eiginkona framteljanda hafði hætt störfum, og fékk hún umrædda greiðslu úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þótt hún hafi öðlast rétt til greiðslu þessarar að hluta með framlagi af eigin launum, á meðan hún var í starfi, þykir verða að líta svo á, að hér sé ekki um að ræða vinnutekjur skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 71/1968 (sic), sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972, heldur lífeyrisgreiðslu, sem ekki falli undir lagaákvæði þessi. Verður stefndi því sýknaður af kröfum sóknaraðilja.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Kostnaður sóknaraðilja af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin máflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, dánarbús Einars Guðnasonar og Önnu Bjarnadóttur, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður sóknaraðilja af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin máflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Mánudaginn 8. maí 1978.

Nr. 225/1976. **Tryggvi Hannesson persónulega og f. h. Byggingavöruverslunar Tryggva Hannessonar**

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Joh. Pengg

(sjálfur).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. nóvember 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að